



8. nóvember 2024

Tilv.: 2106174

Dreifibréf nr.: 28/2024

Til eftirlitsskyldra aðila skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998

Efni: Drög að nýjum leiðbeinandi tilmælum um útvistun

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 5/2024 sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um útvistun hjá eftirlitskyldum aðilum. Tilmælin verða gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og ná til eftirlitsskyldra aðila, sbr. 1. mgr. 2. gr. sömu laga, að undanskildum þeim aðilum sem falla undir viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útvistunar ([EBA/GL/2019/02](#)).¹

Drögin eru uppfærsla á leiðbeinandi tilmælum nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitskyldum aðilum sem gefin voru út í desember 2014 og verða þau felld úr gildi með þessum nýju leiðbeinandi tilmælum.

Tilmælin höfðu orðið að geyma úreltar tilvísanir í ljósi þess að þó nokkuð af nýjum viðmiðunarreglum frá evrópsku eftirlitsstofnunum, EBA, ESMA og EIOPA, tengdum útvistun, höfðu tekið gildi eftir að tilmælin voru sett.

Samkvæmt dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 27. desember 2019, ber fjármálafyrirtækjum, greiðslustofnunum og rafeyrisfyrirtækjum að taka mið af viðmiðunarreglum EBA um fyrirkomulag útvistunar í starfsemi sinni² og eru þær einu viðmiðunarreglurnar sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa sett sem taka almennt til útvistunar. Þó nokkrar sértækari viðmiðunarreglur liggja þó fyrir þar sem komið er inn á útvistun og tekur Seðlabankinn mið af þeim í eftirlitsframkvæmd. Má hér nefna sem dæmi tilmæli EBA varðandi útvistun til skýjaþjónustuveitenda vegna skýjalausna [EBA/REC/2017/03](#),³ viðmiðunarreglur EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila [EIOPA/BoS/20/002](#),⁴ viðmiðunarreglur ESMA um útvistun til skýjaþjónustuaðila [ESMA50/164/4285](#),⁵ viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja

¹ Teknar upp með birtingu á vef Fjármálaeftirlitsins og með dreifibréfi, dags. 27.12.2019.

² Í dreifibréfi sem fylgdi birtingu viðmiðunarreglna EBA er vísað til þess að þær grundvallist á 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki og styðjist jafnframt við 80. og 81. gr. þeirra laga sem og 6. mgr. 12. gr. laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu, og 6. mgr. 13. gr. laga nr. 117/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris.

³ Teknar upp með birtingu á vef Fjármálaeftirlitsins og með dreifibréfi, dags. 24.5.2018.

⁴ Teknar upp með birtingu á vef fjármálaeftirlits Seðlabankans og með dreifibréfi, dags. 31.5.2021.

⁵ Teknar upp með birtingu á vef fjármálaeftirlits Seðlabankans og með dreifibréfi, dags. 15.9.2021.

EBA/GL/2017/11⁶ og viðmiðunarreglur EIOPA um stjórnkerfi váttryggingafélaga EIOPA-BoS-14/253.⁷

Horft var til þess að taka m.a. tillit til krafna sem gilda um útvistun í framangreindum viðmiðunarreglum, þannig að uppfærð tilmæli yrðu ekki á skjön við þær. Einnig var tekið mið af ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 Solvency II, þá einkum 274. gr. hennar, sem innleidd var með reglugerð nr. 940/2018, um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður. Jafnframt var horft til reglugerðar (ESB) 2022/2554 um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar (e. Regulation on digital operational resilience for the financial sector (DORA reglugerðin)) enda er víða kveðið á um útvistun í þeirri reglugerð. Reglugerðin kemur til framkvæmda í janúar 2025 innan ESB, en áætlað að hún verði innleidd á haustmánuðum 2025 á Íslandi.

Samræming á kröfum til aðila á fjármálamarkaði stuðlar að því að standa vörð um trúverðugleika við fjármálaeftirlit og á fjármálamarkaði almennt og styður við markmið EES-samningsins um að mynda einsleitt evrópskt efnahagssvæði sem grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum. Þá eru ríkir almannahagsmunir hjá minni og meðalstórum eftirlitsskyldum aðilum sem geta orðið undir ef ekki eru gerðar jafn ríkar kröfur til þeirra og stærri aðila.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Umræðuskjalið og þetta dreifibréf eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>. Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við umræðuskjalinu berist eigi síðar en 25. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á framangreindri vefslóð. Umsagnareyðublöð skal senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlits

Sigurveig Guðmundsdóttir
sérfræðingur
varúðareftirliti

⁶ Teknar upp með birtingu á vef Fjármálaeftirlitsins og með dreifibréfi, dags. 28.5.2018.

⁷ Teknar upp með birtingu á vef fjármálaeftirlits Seðlabankans og með dreifibréfi, dags. 27.9.2017.

